

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 198/2020**

**frá 11. desember 2020**

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/42 frá 17. janúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið bambermýsín með tilliti til hámarksgildis leifa <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/43 frá 17. janúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið síklesóníð með tilliti til hámarksgildis leifa <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32020 R 0042:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/42 frá 17. janúar 2020 (Stjtið. ESB L 15, 20.1.2020, bls. 2),
- **32020 R 0043:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/43 frá 17. janúar 2020 (Stjtið. ESB L 15, 20.1.2020, bls. 5).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2020/42 og (ESB) nr. 2020/43, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 15, 20.1.2020, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 15, 20.1.2020, bls. 5.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Sabine Monauni***

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.